



Þriðji stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn fimmtudaginn 28. september 2023 klukkan 17:00 í gegnum Zoom. Mættar voru:

Árný Elíasdóttir forseti, Steingerður Kristjánsdóttir 1.varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari og Eygló Björnsdóttir vefstjóri

1. Framkvæmdaáætlun

Rætt um fyrsta hluta framkvæmdaáætlunar en það er spurningakönnun til félagskvenna. DGK European Forum ætlar að senda spurningakönnun á DKG konur fljótlega, því var ákveðið að stjórnin sendi sína könnun í lok október. Ákveðið var að notast við það sem kom frá formönnum deilda á framkvæmdaráðsfundi bæði með opnum spurningum og lokuðum. Mikilvægt að hafa ekki of margar spurningar. Árný ætlar gera drög að könnun og senda á stjórnarkonur til yfirlestrar. Hugmynd að notast við Survey Monkey eða Google Forms. Spurning að gera forprófun á spurningakönnun meðal formanna nefnda.

2. Nefndir

Ekki er vitað hvort allar nefndir séu byrjaðar og mikilvægt að tengiliðir hafi samband við sína nefnd. Breyting hefur orðið á Félaga- og útbreiðslunefnd en formaðurinn þar baðst lausnar. Steingerður Kristjánsdóttir hefur boðist til þess að taka að sér formennsku tímabundið eða fram yfir komandi kvennaverkfall sem DKG mun hvetja konur til að taka þátt í. Steingerður heldur utan um þetta verkefni ásamt þeim konum sem voru búnar að gefa kost á sér í nefndina.

3. Önnur mál.

Ákveðið var að minna á Golden Gift námskeið sem er viku langt leiðtoganámkeið sem verður haldið í USA í júlí 2024. Frábært tækifæri fyrir konur í félaginu. Ferðir og uppihald er þátttakendum að kostnaðarlausu en námskeiðsgjald er 600 dollarar.

European Forum heldur Lucíuhátíð og nú er óskað eftir því að hvert land verði með þriggja mínútna kynningarmyndband um jólahefðir í sínu landi.

International Speaker er í boði fyrir okkur ef við viljum. Ákveðið var að þiggja það og annaðhvort nýta það á vofundi eða bjóða upp á það stafrænt.

Árný ætlar að kanna það aftur hjá Shar McGowen hvort é ekki sé í lagi að senda fyrirlesturinn Like Tulips in the Snow til formanna stjórna svo þær gætu sýnt hann á fundum hjá sér.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið 17:55.

Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari.